

## Reglur um innkaup á nýjum vörum

### 1. gr

#### Almennt

Til að tryggja nýjungar og fjölbreytni í vöruúrvali og mæta væntingum viðskiptavina auglýsir Fríhöfnin ehf. reglulega eftir tilboðum í innkaup á nýjum áfengum vörum frá seljendum. Auglýst er eftir tilboðum á vefsvæði Fríhafnarinnar. Óskað er eftir tilboðum í innkaup á nýjum vörum að lágmarki tvisvar á hverju tólf mánaða tímabili fyrir hvern vöruflokk.

Fríhöfnin leggur reglulega mat á innlenda og erlenda strauma í áfengum drykkjum með tilliti til eftirspurnar viðskiptavina og upplýsinga frá framleiðendum, seljendum og eftir atvikum öðrum sérfræðingum. Á grundvelli þessara upplýsinga er gerð innkaupaáætlun sem birt er á innkaupavef Fríhafnarinnar. Í innkaupaáætlun eru tilgreind þau tilboð sem óskað verður eftir ásamt því tímabili sem viðkomandi tilboð er opið. Innkaupaáætlunin er endurskoðuð og uppfærð reglulega.

### 2. gr

#### Tilboðsbeiðnir

Með tilliti til eftirspurnar viðskiptavina og væntanlegra strauma er vöruúrval hvers vöruflokks metið og óskað eftir tilboðum með það að markmiði að mæta eftirspurn viðskiptavina, bæta vöruúrval og bjóða nýjar vörur til sölu. Í hverri tilboðsbeiðni eru séreinkenni vöru tilgreind ásamt upphafs- og lokadagsetningu tilboðs. Séreinkenni geta t.d. verið framleiðslusvæði, þrúga, framleiðsluaðferð, vottun, umbúðir, umbúðastærð, verðbil, bragð o.fl. Jafnframt eru reglulega birtar tilboðsbeiðnir fyrir hvern vöruflokk án ítarlegra séreinkenna sem gera seljendum tækifæri til að leggja fram tilboð í innkaup á nýrri vöru sem vænta má að seljist vel í Fríhöfninni.

### 3. gr

#### Móttaka tilboða

Tilboðsbeiðnir eru birtar á innkaupavef Fríhafnarinnar. Með hverri tilboðsbeiðni er tilgreint hversu margar nýjar vörur verða teknar til sölu á grundvelli hennar.

Seljendur áfengis á Evrópska efnahagssvæðinu, sem hafa skráð sig sem seljendur hjá Fríhöfninni, samþykkt almenna viðskiptaskilmála og siðareglur seljenda, geta sent inn tilboð um kaup á nýrri vöru.

Seljandi skal senda tilboð ásamt öllum umbeðnum fylgigögnum innan tilboðsfrests. Tilboð sem uppfyllir ekki skilyrði sem sett eru fram í tilboðsbeiðni eða sem berst eftir að tilboðsfresti lýkur telst ógilt og verður ekki skoðað frekar. Seljanda er tilkynnt ef tilboð telst ógilt.

#### 4. gr

### Umsýslugjald

Umsýslugjald er 7.500 kr. auk virðisaukaskatts fyrir hvert innsent tilboð.

Undanþága frá umsýslugjaldi:

1. Tilboð um sölu á smáflöskum að hámarki 250 ml. ef stærri umbúðastærð er í grunnvöruúrvali Fríhafnarinnar.
2. Tilboð um sölu á vöru í tímabundinni sölu fyrir vöru sem áður hefur verið í tímabundinni sölu.

Umsýslugjald fæst ekki endurgreitt.

Ekki er tekið við nýjum tilboðum frá seljanda ef hann hefur ekki greitt reikning fyrir umsýslugjaldi sem kominn er fram yfir eindaga.

#### 5. gr

### Mat og val á tilboðum

Eftir að tilboðsfresti líkur eru tilboð metin m.t.t. lýsingar í tilboðsbeiðni. Ef vara uppfyllir ekki skilyrði tilboðsbeiðni er tilboðinu hafnað.

Vörur í gildandi tilboðum eru verðlagðar og raðað í röð eftir hlutfallslegri framlegð vörunnar. Við verðlagningu er m.a. horft til verðs í öðrum fríhöfnum, verðs á sambærilegum vörum sem þegar eru í sölu, leiðbeinandi útsöluverð seljanda og að um sölu á frísvæði er að ræða. Framlegð er mismunur á söluverði og innkaupsverði vöru að meðtöldum flutningskostnaði og að frádregnum virðisaukaskatti. Kallað er eftir sýnishorni af 30% þeirra vara sem bera hæsta hlutfallslega framlegð til frekari mats á vörunni. Ef tilboð eru færri en 12 er kallað eftir sýnishornum fyrir fjórar vörur nema ef tilboð eru færri en fjögur þá er óskað eftir sýnishorni fyrir allar vörur.

Sýnishorn skulu send á skrifstofu Fríhafnarinnar innan 5 virkra daga frá því að óskað er eftir sýnishorni. Sýnishorn skal vera að sömu stærð, gerð og árgangi og endanleg söluvara sem boðin er í tilboði.

Blindsmakk er framkvæmt á sýnishornum sem berast. Smakknafnd samanstendur af a.m.k. 3 starfsmönnum Fríhafnarinnar hverju sinni sem lokið hafa tilskildu námskeiði og þjálfun sem byggist á WSET level 3 fyrir léttvín og WSET level 2 fyrir sterkt áfengi. Einkunn úr blindsmakki er byggð á 20 punkta einkunnakerfi Jancis Robinson.

Að blindsmakki loknu er gert frekara mat á vörunni m.t.t. sölumöguleika hennar og sérstöðu. Við matið er m.a. skoðað hvort að vörumerkið sé nú þegar í vöruúrvali Fríhafnarinnar, hvort varan sé í sölu í ákveðnum fríhafnarverslunum, hvort um nýja vöru sé að ræða og hvort varan beri merki fríhafnarsölu (e. travel retail exclusive).

Í hverju skrefi er vörunni gefin stig. Þær vörur sem hæstan stigafjölda fá úr matinu eru teknar inn í grunnvöruúrval Fríhafnarinnar.

Niðurstaða til framkominna tilboða liggur fyrir að jafnaði innan fjögurra vikna frá því að tilboðsfrestur rennur út. Þátttakendum er tilkynnt um niðurstöðu tilboða í gegn um innkaupavef Fríhafnarinnar.

Ef í einhverju af ofangreindum skrefum kemur í ljós að vara uppfylli ekki skilyrði tilboðsbeiðni er tilboði hafnað.

## 6. gr

### Innkaupasamningur

Við samþykkt tilboðs er gerður innkaupasamningur um vöru. Í innkaupasamningi er m.a. kveðið á um viðskiptakjör, greiðslufrest, flutningsskilmála, vanefndarúrræði, gildistíma og uppsagnarfrest.

Ef viðkomandi seljandi er handhafi innkaupasamnings fyrir aðra vöru og skilmálar hinnar nýju vöru eru þeir sömu er heimilt að fella vöruna undir gildandi samning.

## 7. gr

### Breytingarákvæði

Breytingar á reglum þessum eru tilkynntar með minnst mánaðar fyrirvara.

Reglur þessar eru settar með vísan til reglugerðar, nr. 1101/2022, um vöruval og innkaup tollfrjálsra verslana á áfengi.

Reglur þessar öðlast gildi nú þegar.

Keflavíkurlugvöllur, 25.01.2023,

Þorgerður Þráinsdóttir